



● EL - Kvoðuhreinsiefni- tvívirkt.

Eiginleikar: Efnið er tvívirkt hábasískt kvoðuhreinsiefni til daglegra nota í matvælavinnslum. Myndar öfluga froðu með góða viðloðun og vætingu sem eykur þvottahæfnina. Hreinsar vel fitu, prótein og önnur óhreinindi. Inniheldur tæringarvörn og efni með sóttahreinsandi eiginleika.

Innihald: Vatn, Natríumhydroxíð, Jónísk og ójónísk yfirborðsvirk efni, vatnsleysanlegur leysir, tæringarverjandi efni. pH gildi: ~14, og 12,5 í 1% lausn. Lausnin er tær, nærri litlaus vökvi.

Notkun: Hentar vel í kvoðuhreinsikerfi og kvoðudælur. Má einnig nota með burstum og öðrum áhöldum þar sem dælum verður ekki viðkomið. Má nota á vélar, veggj og gólf sem þola hábasísk efni. Ekki er mælt með notkun efnisins á ál eða aðra léttmálma og þá aðeins í mjög þynntri blöndu og skolist fljótt af.

Leiðbeiningar: Blandist í hlutföllunum 1-5% allt eftir notkun og óhreinindum.

Athugið: Efnið er þróað á Íslandi með tilliti til eiginleika íslenska vatnsins með þvottahæfni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Varnaðarmerki, hættusetningar (H) og varnaðarsetningar (V):



H 35 – Mjög ætandi.

V2 - Geymist þar sem börn ná ekki til.

V 24- Varist snertingu við húð. V25- varist snertingu við augu.

V 26- Berist efnið í augu skal strax skola vandlega og leita læknis.

V 36/37/39 – notið viðeigandi hlífðarfatnað, hanska og hlífðargleraugu / andlitsgrímu.

V 45- Leitið umsvifalaust læknis ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingar ef unnt er.